ÍSLANDSBANKI



Lánasjóður sveitarfélaga

Skráningarlýsing skuldabréfa

4. flokkur 2005

Október 2005

Yfirlýsingar

Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga, kt. 710169-4979, Borgartúni 30, Reykjavík, lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu þessari eru eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 28. október 2005
f.h. Lánasjóðs sveitarfélaga

Þorsteinn Þorsteinsson, kt. 270348-4759
framkvæmdastjóri

Yfirlýsing umsjónaraðila

Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar fyrir Lánasjóð sveitarfélaga, vegna skuldabréfa í 4. flokki 2005, var aflað þeirra gagna sem að mati Íslandsbanka hf. voru nauðsynleg til að gefa rétta mynd af Lánasjóði sveitarfélaga og verðbréfum hans og að mati Íslandsbanka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Athygli er vakin á því að skráningarlýsingin er unnin skv. undanþágu í 4. gr. viðauka IV. við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 28. október 2005
f.h. Íslandsbanka hf.

Örn Gunnarsson, kt. 181168-3159
Forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar

Útgefandi

Útgefandi
Lánasjóður sveitarfélaga (Lánasjóðurinn), kt. 710169-4979, Borgartúni 30, Reykjavík.

Starfsemi
Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga og ennfremur frá 17. ágúst 2005 sem lánafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Lánasjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Æðsta vald í málefnum Lánasjóðsins er í höndum eigendafunda þar sem eiga sæti fulltrúar sem sveitarfélögin hafa kosið til setu á landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Eigendafundur kýs stjórn Lánasjóðsins og endurskoðanda, afgreiðir ársreikninga og setur samþykktir fyrir Lánasjóðinn þar sem kveðið er nánar á um stjórn hans og rekstur. Samþykktirnar og breytingar á þeim öðlast gildi þegar þær hafa verið birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Núgildandi samþykktir voru birtar í Stjórnartíðindum 10. febrúar 2005 með auðkenninu 160/2005. Ársreikningar Lánasjóðsins eru einnig birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

Megintilgangur Lánasjóðsins skv. 2. gr. laganna er að tryggja sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Skilyrði fyrir því að Lánasjóðurinn veiti lán eða ábyrgðir til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart Lánasjóðnum.

Heimild og tilgangur
Stjórn Lánasjóðsins samþykkti skuldabréfaútgáfu að fjárhæð allt að 900.000.000 kr. 22. ágúst 2005, til að afla sjóðnum lánsfjár. Fjárfestum er bent á að stjórnin getur tekið ákvörðun um frekari stækkun á skuldabréfaflokknum í framtíðinni, umfram núverandi heimild, flokkurinn er því opinn með óákveðinni lokastærð. Tilgangur skráningar í Kauphöll Íslands (Kauphöllin) er að auðvelda viðskipti með skuldabréfin.

Sala og skráning

Söluaðili
Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki), Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Fyrirkomulag sölu
Skuldabréfin voru seld til fagfjárfesta í lokuðu útboði 19.-26. september 2005. Bréfin voru afhent fjárfestum gegn staðgreiðslu.

Ávöxtunarkrafa
Ávöxtunarkrafa skuldabréfanna á fyrsta söludegi var 3,97% og sölugengi 1,013172. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að nálgast hjá Markaðsviðskiptum Íslandsbanka, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

Einingar og auðkenni
Skuldabréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. (Verðbréfaskráning) sem starfar í samræmi við lög nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Skuldabréfin eru 90 talsins í 10.000.000 kr. einingum. Auðkenni skuldabréfanna er LSS 05 4 og ISIN auðkenni IS0000011575.

Sölutrygging
Íslandsbanki hf. sölutryggði útboðið.

Skráning
Kauphöllin hefur samþykkt að taka skuldabréf Lánasjóðsins, 4. flokk 2005, á skrá og verða þegar útgefin og seld bréf, samtals að nafnverði 900.000.000 kr., skráð þann 1. nóvember 2005, enda verði öll skilyrði skráningar uppfyllt.

Kostnaður við skráningu
Kostnaður við útgáfu skuldabréfanna hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., Kauphöllinni og þóknun umsjónaraðila nam um 9,4 m. kr. Annar kostnaður vegna skráningarinnar var óverulegur. Andvirði skuldabréfaútboðsins að frádregnum öllum kostnaði var því um 902,4 m.kr.

Umsjónaraðili og milliganga vegna skráningar
Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, Kirkjusandi, 155 Reykjavík, sími: 440-4000, netfang www.isb.is

Viðskiptavakt
Engin viðskiptavakt er tengd skuldabréfaútgáfu þessari.

Skilmálar
Útgáfudagur
Útgáfudagur skuldabréfanna var 27. september 2005.

Nafnverð og lánstími
Þegar hafa verið gefin út og seld skuldabréf að fjárhæð kr. 900.000.000 að nafnverði. Bréfin eru með 15 jöfnum greiðslum afborgana og vaxta (annuitet), í fyrsta sinn 1. október 2006, með lokagjalddaga 1. október 2020.

Uppgreiðsluheimild
Bréfin eru með öllu uppgreiðanleg (innkallanleg) á gjalddaga afborgunar 1. október 2010 og árlega á gjalddaga afborgana eftir það án uppgreiðsluþóknunar. Ef heimild þessari er beitt skal birta auglýsingu um innköllunina, í dagblaði sem hefur almenna dreifingu, með minnst tveggja vikna en mest fjögurra vikna fyrirvara. Ef skuldabréfin eru skráð í kauphöll þegar innköllun fer fram, skal samhliða auglýsingu senda viðkomandi kauphöll tilkynningu um innköllunina til birtingar í fréttakerfi sínu.

Verðtrygging
Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, sem reiknuð er og birt af Hagstofu Íslands, skv. lögum nr. 12/1995, með grunnvísitölu í september 2005, sem er 243,2 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga.

Vextir
Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 3,97% fastir vextir, sem reiknast frá 27. september 2005. Vexti ber að greiða eftir á, í fyrsta sinn 1. október 2006 og í síðasta sinn 1. október 2020.

Tryggingar og réttindi
Engar hömlur eru á endursölu skuldabréfanna. Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum. Lánasjóðurinn ábyrgist skilvísa og skaðlausa endurgreiðslu bréfanna með heildareignum sínum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. Bréfin eru ekki víkjandi.

Greiðslustaður
Skuldabréfin og vextir af þeim verða, fyrir milligöngu Verðbréfaskráningar, greidd á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana sem skráðir eigendur skuldabréfanna hafa VS-reikning. Viðkomandi reikningsstofnanir annast endanlegar greiðslur inn á bankareikninga eigenda.

Viðtökudráttur og vanskil

Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfs, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, skal eigandinn snúa sér til útgefanda til að fá greiðslu. Verði greiðslu ekki vitjað til Lánasjóðsins á réttum gjalddaga mun hann hvorki greiða vexti, dráttarvexti, né verðbætur frá gjalddaga til þess dags sem greiðslunnar er krafist og hún fer fram.

Verði vanskil á greiðslum af skuldabréfi er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

Framsal og framsalstilkynning

Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila. Engar frekari hömlur eru á framsali skuldabréfanna. Gagnvart Lánasjóðnum skoðast yfirlit Verðbréfaskráningar um eigendur skuldabréfanna sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti. Greiðslur og tilkynningar eru sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi verðbréfa.

Til að fá aðgang að rafrænum bréfum sínum hjá Verðbréfaskráningu þurfa eigendur að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu og fela reikningsstofnuninni umsjón með verðbréfaeign sinni. Á vörslureikningi er haldið utan um verðbréfaeign, viðskipti og greiðslur til eigenda.

Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst verðbréfamiðstöð.

Fyrning

Höfuðstóll skuldabréfanna fyrnist á tíu árum frá gjalddaga skv. 4. gr. laga nr. 14. frá 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vextir skuldabréfanna fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

Skattar

Samkvæmt núgildandi skattalögum teljast bréfin til eignarskattsstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 136/2004 um Lánasjóð sveitarfélaga.

Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Ágreiningur

Rísi mál út af skuldabréfunum má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Upplýsingar

Upplýsingar og gögn

Skráningarlýsing og önnur gögn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá:

Íslandsbanka hf.
Kirkjusandi
155 Reykjavík
netfang www.isb.is